

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 1026/2015 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Austurlandssvæði.

#### 1. gr.

1. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar verði svohljóðandi:

Tímagjald	kr. 11.500
Gjald vegna rannsóknar á neysluvatnssýni skv. eftirlitsáætlun	kr. 22.000
Gjald vegna rannsókna á öðrum sýnum skv. eftirlitsáætlun	kr. 13.500

Gjald fyrir sýni sem tekin eru skv. samningum eða að ósk einstaklinga eða fyrirtækja er kr. 13.500 að lágmarki, en sé raunkostnaður við rannsókn skv. reikningi frá rannsóknastofu hærri skal innheimta raunkostnað að viðbættu 35% umsýslugjaldi. Einnig skal innheimta akstursgjald og vinnutíma skv. tímagjaldi ef ekki er unnt að samnýta ferðir og vinnu vegna sýnatökunnar.

#### 2. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar verði svohljóðandi:

Af starfsleyfisskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi og þjónustu eins og hér segir:

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald og eftirlitsgjald í samræmi við viðkomandi fyrirtækjaflokk ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	kr. 20.000
---	------------

Endurnýjun og/eða breyting á starfsleyfi:

Starfsleyfisgjald og auglýsingakostnaður ef við á.	kr. 15.000
---	------------

Önnur starfsleyfi og leyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun, t.d. tóbakssöluleyfi:

Starfsleyfisgjald og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	kr. 20.000
--	------------

Endurnýjun annarra leyfa, sbr. hér að ofan:

Starfsleyfisgjald	kr. 15.000
-------------------	------------

Fyrir leyfi útgefin vegna sölu á útimörkuðum eða aðra skammtíma starfsemi:

Leyfisgjald og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks eða gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á.	kr. 15.000
--	------------

Gjald fyrir aðra þjónustu svo sem samantektir í eftirlitsskýrslum og bréfum á ensku (ekki þýdd af löggiltum þýðanda og einungis til hægðarauka fyrir erlenda rekstraraðila) óski rekstraraðili eftir slíku: ½ tímagjald.

#### 3. gr.

Í viðauka A með gjaldskránni breytast upphæðir til samræmis við upphæðir í 1. gr. gjaldskrárinnar og við bætast eftirfarandi atvinnugreinar:

	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits skv. áætlun	Árlegt eftirlitsgjald og/eða kostnaður við eftirlitsferð kr.	Reglubundinn fjöldi sýna innheimt/m eftirlitsgjaldi pr. fyrirtæki pr. ár	Sýnakostnaður v/reglubundinna sýna annarra en neysluvatns - innifalinn í eftirlitsgjaldi	Sýnakostnaður v/reglubundinna neysluvatns sýna - innifalinn í eftirlitsgjaldi	Eftirlitskostnaður per fyrirtæki og sýnagjald ef innifalið	Aths.
55.12.0.0	Sala á gistingu án veitinga-sölu, < 10 gestir, heimgisting	0,5	18.113				18.113	
55.30.1.4	Sala á einföldum veitingum. (t.d. morgunverður eingöngu < 50 gestir)	0,5	21.000				21.000	
93.02.0.4	Náttúrulaug í flokki 1	1	39.675				39.675	Sýnatökukostnaður, þ.e. eitt sýnatökugjald per pott og laug bætist við eftirlitsgjald <sup>3</sup>
93.02.0.5	Náttúrulaug í flokki 2	1	39.675				39.675	Sýnatökukostnaður, þ.e. eitt sýnatökugjald per pott og laug bætist við eftirlitsgjald <sup>3</sup>

## 4. gr.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 með síðari breytingum, samkvæmt 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum sem og í samræmi við ákvörðun aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. og tekur gildi 1. janúar 2017.

*Reyðarfirði, 9. desember 2016.*

F.h. heilbrigðisnefndar Austurlands,

**Helga Hreinsdóttir**, framkvæmdastjóri HAUST.